

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Nemendalýðræði í grunnskólum

Fræðileg umfjöllun um nemendalýðræði

Guðný Svandís Guðjónsdóttir  
Svanhildur Díana Hrólfsdóttir



Kennaraháskóli Íslands  
Kennarabrot, grunnskólakennarafræði  
Apríl 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Nemendalýðræði í grunnskólum

Fræðileg umfjöllun um nemendalýðræði

Guðný Svandís Guðjónsdóttir

030875-3899

Svanhildur Díana Hrólfsdóttir

080575-5139

Kennaraháskóli Íslands  
Kennarabraut, grunnskólakennarafræði  
Apríl 2008

Leiðsögukennari: Halla Jónsdóttir, aðjúnkt.

## Ágrip

Þetta lokaverkefni er heimildaritgerð um nemendalýðræði í grunnskólum. Tilgangurinn er að fræðast um nemendalýðræði og hvernig væri hægt að efla lýðræðislega hugsun í skólastarfi. Við byrjuðum á að því að kynna okkur hugtakið lýðræði almennt en í framhaldi af því er fjallað um nemendalýðræði, hvað það er og af hverju við ættum að nota það. Við kynnumst nánar ýmsum hugtökum sem tengjast nemendalýðræðinu og fræðumst um orðið borgaravitund. Við fjöllum um Vogaskóla sem er móðurskóli og frumkvöðull í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindum. Þá verður farið yfir hvernig Vogaskóli hefur nýtt sér bekkjarfundi í tengslum við nemendalýðræði. Fjallað verður um mannréttindi og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í lokin setjum við fram hugmynd okkar um skóla sem stuðlar að nemendalýðræði. Helstu niðurstöður okkar um nemendalýðræði er meðal annars þær að nemendur hafi eitthvað um skólastarfið að segja og verði virkir í því starfi. Til að efla nemendalýðræði þarf að kynna það fyrir stjórnendum og kennurum skólanna og stuðla að jákvæðu viðhorfi gagnvart því innan skólans. Við erum sammála um að hér sem annars staðar er vilji allt sem þarf.

## **Formáli**

Við lokaritgerð þessa höfum við fengið góða aðstoð og ber þar fyrst að nefna Höllu Jónsdóttur sem við viljum þakka fyrir góða leiðsögn, jákvæðni, áhuga, hvatningu og þolinmæði sem hún hefur sýnt okkur allan tímann. Einnig viljum við þakka Jóni M. Ívarssyni fyrir að lesa yfir ritgerð okkar með ábendingum um hvað betur mætti fara. Við metum þeirra hjálp mikils og verðum þeim ævinlega þakklát.

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Lýðræði.....</b>	<b>6</b>
<b>3. Nemendalýðræði.....</b>	<b>9</b>
3.1. Aðalnámskrá grunnskólanna. ....	10
3.2. Lífsleikni .....	10
3.3. Gagnrýnin hugsun .....	12
<b>4. Af hverju nemendalýðræði? .....</b>	<b>13</b>
<b>5. John Dewey .....</b>	<b>17</b>
5.1. Áhrifavaldar John Deweys .....	19
<b>6. Borgaravitund.....</b>	<b>22</b>
<b>7. Vogaskóli – Móðurskóli í nemendalýðræði.....</b>	<b>24</b>
<b>8. Mannréttindi og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna .....</b>	<b>29</b>
<b>9. Bekkjarfundir .....</b>	<b>31</b>
<b>10. Draumsýn um lýðræðislegan skóla.....</b>	<b>33</b>
<b>11. Lokaorð.....</b>	<b>36</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>38</b>

## 1. Inngangur

Lýðræði er mikilvægt fyrir hvern þjóðfélagsþegn og ef vel er staðið að lýðræðinu þá mótast það okkur sem einstaklinga. Ísland varð sjálfstæð þjóð árið 1944 en þá bundum við endi á konungssambandið við Danmörku og urðum frjálst og óháð lýðveldi. Okkar kynslóð þekkir ekkert annað en frelsi og margir telja það vera sjálfsagðan hlut. Svo er ekki því forfeður okkar þurftu að berjast fyrir því og í dag njótum við ávaxtanna af baráttu þeirra.

Þessi ritgerð fjallar um nemendalýðræði og hvernig væri hægt að efla lýðræðislega hugsun í skólakerfinu. Rannsóknarspurning okkar er: „Hvað er nemendalýðræði og hvernig er hægt að virkja það í grunnskólum?“ Ekki hefur verið mikið fjallað um nemendalýðræði á Íslandi og vildum við fræðast nánar um eðli þess og tilgang. Við kynntum okkur það sem hefur verið skrifað um nemendalýðræði og sögulegan bakgrunn þess. Í upphafi komumst við að því að Vogaskóli er móðurskóli í nemendalýðræði sem vakti áhuga á að kynna okkur það betur. Við tókum viðtal við forsvarsmenn verkefnisins og fengum góða fræðslu um það hvernig skólinn vinnur með nemendalýðræði.

Hugmyndin um nemendalýðræði hefur lengi verið þekkt og í Aðalnámskrá grunnskólanna er ákvæði um hvernig skólarnir eiga að fræða nemendur um lýðræði og þar er ritað:

Skólar í samvinnu við heimilin eigi að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi og að dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því.

(Aðalnámskrá grunnskólanna, almennur hluti, 1999)

Þetta ákvæði í Aðalnámskránni er ein af meginstoðum nemendalýðræðis og þar sem við búum í lýðræðislegu þjóðfélagi finnst okkur mikilvægt að nemendur fræðist um lýðræði og skyldur þess. Nemendalýðræði er áhugaverð viðbót við það skólustarf sem við þekkjum í dag og það vakti áhuga okkar á að fræðast nánar um nemendalýðræði, eðli þess og tilgang.

Í öðrum kafla þessarar ritgerðar er fjallað um lýðræði almennt og hvernig það virkar. Í þriðja kafla er fjallað um nemendalýðræði sem við tengjum við Aðalnámskrána, lífsleikni og gagnrýna hugsun. Í fjórða kafla skoðum við af hverju við ættum að hafa nemendalýðræði í skólum og lítum á kosti þess. Fimmti kafla fjallar um John Dewey sem er einn helsti hugmyndafræðingur og frumkvöðull nemendalýðræðis. Til að geta gert nemendalýðræðinu góð skil er umfjöllun um Dewey, hugmyndir hans og áhrifavalda nauðsynleg. Í sjötta kafla er borgaravitund skoðuð en til að kenna nemendum um nemendalýðræði þarf að virkja þá sem þjóðfélagsþegna og kynna fyrir þeim ýmis hugtök sem minnst er á í kaflanum. Sjöundi kaflinn er um Vogaskóla sem er móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindum og við kynnumst móðurskólaverkefni þeirra. Áttundi kafla fjallar um mannréttindi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en eitt af mikilvægustu hugtökum nemendalýðræðis er mannréttindi. Þar fléttum við saman umfjöllun um mannréttindi og réttindi barna. Í níunda kafla er rætt um bekkjarfundi sem eru liður í nemendalýðræði. Við fjöllum um kosti bekkjarfunda og tilgang þeirra. Í tíunda og síðasta kafla ritgerðarinnar setjum við fram draumsýn um lýðræðislegan skóla og þar koma fram nokkrar hugmyndir frá okkur um hvernig slíkur skóli á að vera.



## 2. Lýðræði

Lýðræði er mjög vítt hugtak um þær stjórnmalastefnur sem byggja á þátttöku almennings í ákvarðanatöku en orðabókin skilgreinir orðið lýðræði efirfarandi:

Stjórnarfar þar sem almenningur getur með (leynilegum) kosningum haft úrslitavald í stjórnarfarsefnum; réttur og aðstaða einstaklinga og hópa til að láta í ljós vilja sinn og hafa áhrif á öll samfélagsleg málefni.

(Íslensk Orðabók. 1997:606).

Það voru Grikkir sem fyrstir notuðu hugtökin stjórnmal og lýðræði eða í byrjun sjöttu aldar f.Kr. Í Aþenu til forna vildu borgararnir ekki lúta stjórn konunga og þar tókust á fylkingar höfðingja og lýðræðissinna. Ágreiningurinn var aðallega um hvort stjórnmal væru eingöngu fyrir aðals- og stóreignamenn eða hvort alþýðumenn ættu að fá að taka þátt í stjórn ríkisins. Aþenubúar samþykktu lýðræði sem stjórnarform sitt en það var eingöngu fyrir karlmenn 18 ára og eldri (Atli Harðarson, án árs). Einn af hornsteinum lýðræðis er að allir eigi jafnan rétt en þannig var það ekki í margar aldir. Í dag hafa bæði karlar og konur á Íslandi kosningarétt og kjörgengi en lýðræðið er í stöðugri þróun og ekki er ýkja langt síðan konur fengu atkvæðisrétt. Konur taka nú virkan þátt í stjórnmalum og eru meira áberandi en áður. Árið 2008 eru fjórar konur ráðherrar í ríkisstjórn landsins og Ísland var fyrsta landið sem kaus konu sem forseta. Þar með varð Ísland brautryðjandi í jafnréttisbaráttu kvenna og mörg ríki hafa fetað í fótspor okkar og kjörið konu fyrir þjóðhöfðingja.

Það eru til tvö form lýðræðis sem eru *beint lýðræði* og *fulltrúalýðræði* og hér kemur nánari útskýring á því:

- *Beint lýðræði* er þegar almenningur tekur beinan þátt í pólitískum ákvörðunum án þess að velja fulltrúa. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru gott dæmi um beint lýðræði. Beint lýðræði er sjaldan notað sem helsta stjórnarformið og aðalástæðan er sú að það er of flókið og tímafrekt ferli. Ef allir Íslendingar hefðu kosningarétt á Alþingi og þyrftu að láta í sér heyra myndi málefnavinnan taka allt of langan tíma. En aftur

á móti höfum við skorið úr ýmsum málum með beinu lýðræði. Til að mynda var það notað þegar Hafnfirðingar kusu um stækkun álversins í Straumvík.

- *Fulltrúalýðræði* er algengasta form lýðræðis á Vesturlöndum, þar á meðal á Íslandi. Í fulltrúalýðræði velur almenningur fulltrúa sína til að taka ákvarðanir. Oft er þetta form kallað óbeint lýðræði því fólk hefur ekki beint vald til að taka ákvarðanir um ýmis málefni heldur kýs fulltrúa sem það telur að muni fylgja þeirra málefnum. Lýðræðisleg atkvæðagreiðsla er sú aðferð sem notuð er til að taka ákvörðun. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar á að endurspegla vilja þátttakenda. Óskir meirihlutans verða ofan á í atkvæðagreiðslunni og á þetta að tryggja að samræmi sé á milli opinberrar stefnumótunar og hagsmuna íbúanna

(Gunnar Helgi Kristinsson, 2006).

Í stuttu máli er munurinn á fulltrúalýðræði og beinu lýðræði sá að í fulltrúalýðræði kjósa þegnarnir fulltrúa og fela þeim umboð til að stjórna en í beinu lýðræði er kosið um einstök mál og þannig hafa þegnarnir bein áhrif á ákvarðanatökuna.

Kosningar eru hluti af hinu lýðræðislega kerfi og á Íslandi er kosið á fjögurra ára fresti ýmist til alþingis, sveitarstjórnar eða forseta. Til að geta kosið á Íslandi þarf einstaklingur að vera íslenskur rískisborgari, með lögheimili á Íslandi og hafa náð 18 ára aldri (Heimasíða Alþingis).

Kosningakerfi geta verið með ólíkar áherslur og eru tvær algengustu leiðirnar nefndar *hlutfallskerfi* og *meirihlutakerfi* og eru þær eftirfarandi:

- *Hlutfallskerfi* er notað þegar reynt er að stuðla að samræmi milli atkvæðastyrks mismunandi stjórn málafla og þingstyrks þeirra. Til að ná því markmiði verður að gefa upp á bátinn þann möguleika að einn flokkur geti náð hreinum meirihluta á þingi og opnar þetta leiðir fyrir mismunandi flokka. Mismunur getur verið á hlutfallskerfunum og hafa flest þeirra tilhneigingu til að gera stóru flokkunum hátt undir höfði. Þetta er með ráðum gert svo ekki verði of mikil fjölgun á litlum flokkum á þingi. Kjördæmi eru höfð hæfilega stór svo stóru flokkarnir eigi

raunhæfa möguleika á þingsæti. Í þannig kerfi eru meiri líkur á að hugmyndir fái rödd. Algengasta kosningakerfið er hlutfallskosningar með listum þar sem er boðið upp á breytta niðurröðum lista eða að strika út nöfn. Þetta kerfi er mikið notað í Skandinavíu og einnig í þingkosningum á Íslandi.

- Í *meirihlutakerfi* er oftast tveggja flokka samkeppni. Þetta kerfi er langalgengasta og elsta tegund kosningakerfis. Einn stendur uppi sem sigurvegari og mun hann því stjórna. Einfaldur meirihluti er það kallað þegar sá sem fær flest atkvæði hlýtur það þingsæti sem í boði er og er þetta kerfi langalgengast og er þessi kosningaaðferð notuð við þingkosningar í Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Gallinn við meirihlutakerfið getur verið að óskir kjósenda koma ekki nógu vel fram því þeir þurfa stundum að kjósa skásta kostinn en ekki þann besta ef valið stendur milli tveggja lélegra frambjóðenda

(Gunnar Helgi Kristinsson, 2006).

Ef við leitumst við að útskýra hugtakið lýðræði betur þá er það annars vegar tiltekin stjórnskipan þar sem lýðræði þjónar því hlutverki að fólki sé gert kleift að velja og skipta um valdhafa á friðsaman hátt. En andstæða lýðræðisins í þessum skilning er til dæmis konungsvald, harðstjórn eða stjórnleysi. Hins vegar er hægt að tala um lýðræði sem aðferð til að taka bindandi ákvarðanir um hagsmunamál mismunandi hópa eða fólks. Þessir tveir þættir, lýðræði sem stjórnskipan og lýðræði sem aðferð geta skarast ef fulltrúar sem eru lýðræðislega kjörnir taka bindandi ákvarðanir sem varða hagsmuni fólks (Ólafur Páll Jónsson, 2007). Það er mikilvægt að lýðræðiskerfið búi við skýran lagaramma þar sem leikreglur samfélagsins eru settar.

Stjórnarskráin er rit um leikreglur samfélagsins og í henni er stjórnskipan landsins ákveðin og ýmis grundvallarréttindi borgaranna vernduð. Orðabókin skilgreinir stjórnarskrána sem lög er geyma helstu reglur um stjórnskipun ríkis (Íslensk Orðabók, 1997). Það getur þó engin stjórnarskrá tryggt lýðræði ef skilyrði eru ekki hagstæð í samfélaginu. Helstu skilyrðin sem þjóð þarf að uppfylla svo hún geti kallað sig lýðræðislega eru í fyrsta lagi þarf að kjósa stjórnarherra með frjálsum, heiðarlegum og hæfilega tíðum kosningum. Í öðru

lagi tjáningarfrelsi, í þriðja lagi aðgang að mismunandi upplýsingabrunnum, í fjórða lagi félagafrelsi og í fimmta lagi borgararéttindi fyrir alla fullorðna (Gunnar Helgi Kristinsson, 2006). Þetta eru frumskilyrði fyrir lýðræðislegt þjóðfélag og allir þegnar þess þurfa að lúta vissum reglum hvort sem það er í þjóðfélaginu, umferðinni eða skólanum. Menntun er hluti af hinni lýðræðislegu hugsun og skólaskylda er á Íslandi jafnt og í öðrum lýðræðislegum löndum. Í skólanum er samfélag innan samfélags og því þurfa nemendur að lúta vissum reglum eins og í samfélaginu. Líkt og í fulltrúalýðræði sem við Íslendingar búum við þar sem raddir minnihlutahópa eiga að heyrast, þurfa raddir nemenda að heyrast innan veggja skólans (Kristján K. Stefánsson, 2006). Ef við viljum að raddir nemenda heyrast þurfum við að skoða nemendalýðræði og hvernig það virkar.

### 3. Nemendalýðræði

Hugtakið nemendalýðræði er nátengt lýðræði í þjóðfélaginu nema hvað það er í skólasamfélaginu og tengist oftast námi og félagslífi. Eins og nemendalýðræðið er hugsað á það vel við með lífsleikninni því þar er tekið á mörgum mannlegum þáttum. Meginhugmynd nemendalýðræðis er sú að allir nemendur hafi jafnan aðgang að skóla og að rödd þeirra heyrast í skólum. Hugmyndin hefur átt vaxandi gengi að fagna allt frá því að Dewey setti hana fram á sínum tíma. Hann sá skólann fyrir sér sem samfélag byggt á stjórnskipulagi lýðræðis. Hann vildi að allir einstaklingar innan skólans legðu sitt af mörkum og ynnu saman í sátt og samlyndi (Jóhanna Einarsdóttir, 1995). Hugsunin er að undirbúa nemendur fyrir samfélagið og kenna þeim að búa í lýðræðislegu þjóðfélagi svo þeir verði virkir og góðir samfélagsþegnar. Í lögum um grunnskóla kemur fram í 2. grein að hlutverk grunnskólans sé að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífellldri þróun (Heimasíða alþingi Íslands, án árs). Í Aðalnámskrá Grunnskólanna er fjallað um lýðræðið bæði í almenna hlutanum og í lífsleiknihlutanum og munum við fjalla dálítið um hvorn kafla fyrir sig.

### 3.1. Aðalnámskrá grunnskólanna

Á Íslandi er skólaskylda og því ber ríkinu að mennta alla þegna sína óháð stétt, trú, kyni og kynþætti. Í almenna hlutanum kemur fram að:

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Í síbreytilegu umhverfi samtímans reynir á hæfni til þess að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum”

(Aðalnámskrá grunnskólanna, almennur hluti, 1999:15).

Það er nauðsynlegt að styrkja einstaklinginn með almennri menntun svo hann átti sig á eigin stöðu í samfélaginu og tengja þekkingu og færni við umhverfi og daglegt líf. Grunnskólanum ber að stuðla að menntun einstaklinga og gæta að jafnrétti til náms sé framfylgt. Einnig þarf að þjálfa nemendur í sjálfstæðri hugsun og að eiga gott samstarf við aðra. Þetta er meðal annars hluti af því að vera meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um þátttöku í frjálsu og opnu þjóðfélagi (Aðalnámskrá grunnskólanna, almennur hluti, 1999).

### 3.2. Lífsleikni

Lífsleiknikennsla snýst meðal annars um það að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi og dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverk einstaklingsins í því. Skólinn býður upp á hefðbundin fög og hefur alltaf gert en frekar nýlega var byrjað að kenna lífsleikni og var fagið sett inn í stundatöfluna frá 4.bekk og upp í 10.bekk (Aðalnámskrá grunnskólanna, lífsleiknihluti 1999). Áherslur samfélagsins í heild hafa

breyst síðustu ár og hefur sú þróun færst inn í grunnskólanna. Í dag er kennsla ekki sú sama og hún var fyrir fimmtán árum en þá var t.d. lífsleikni ekki kennd. Skólar eru í mun meira uppeldishlutverki núna en áður var með tilkomu frístundaheimila og heilsdagsskóla og með þessum breytingum er fag eins og lífsleikni góð viðbót. Lífsleikni tekur á mörgum þáttum svo sem sjálfsmynd, virðingu, kynlífi, forvörnum og fleiri hugtökum en fyrst og fremst er hugmyndin með lífsleikni að þroska einstaklingin alhliða til að hann verði heilsteypari einstaklingur. Í lífsleikni er kjörið tækifæri til að fjalla um málefni líðandi stundar eða líðan nemenda almennt þó svo að allt skólastarf eigi að snúast um velferð nemenda.

Skólinn er í raun að undirbúa þegna þjóðfélagsins undir lífið og hann kennir nemendum sínum að vera þátttakendur í lýðræðislegu þjóðfélagi. Það þarf að kenna nemendum lýðræðislegar dygðir eins og umburðarlyndi, sjálfræði, meirihlutavald, gagnrýna hugsun og virðingu fyrir eignarrétti og málfrelsi (Kristján Kristjánsson, 2001). Hver nemandi tilheyrir fjölskyldu og vinahóp og er einnig hluti af samfélagi bekkjarins og því lærir hann að vinna með öðrum. Nemendur læra að setja sig í spor annarra og upplifa hugtakið samúð og virðing (Aðalnámskrá grunnskólanna, lífsleiknihluti, 1999). Það að tilheyra einhverjum hópi, bekk, árgangi eða sérstökum skóla er hluti af nemendalýðræði og er það hlutverk nemenda að finna sinn stað innan skólans. Hver og einn skóli hefur sínar skólareglur og nemendur þurfa að læra inn á samfélag skólans og fylgja reglum þess.

Eins og áður sagði er tiltölulega nýlega farið að kenna lífsleikni hér á landi en hugmyndina um hana má rekja aftur til tíma Platóns og Aristótelesar og hafa margir uppeldis- og skólafrömuðir haft lífsleikni að leiðarljósi í hugmyndafræði sinni (Kristján Kristjánsson, 2001). Í dag er lífsleikni orðin meira áberandi á öllum skólastigum og farin að festa sig í sessi sem kennslugrein. Þrátt fyrir að lífsleikni sé sérstök námsgrein í dag er uppeldishlutverk kennara í öllum námsgreinum skólans og því þarf kennarinn að vera meðvitaður um kennsluhætti sína og hvernig hann kemur fram við nemendur. Kennarinn þarf að virða skoðanir nemenda og halda sínum skoðunum fyrir sig. Nemendur búa í samfélagi þar sem upplýsingaflæði er mikið og verður sífellt aðgengilegra. Fólk getur skipst á hugmyndum og skoðunum heimshornanna á milli. Því er gott að nemendur séu meðvitaðir um sína stöðu og rétt í þjóðfélaginu.

### 3.3. Gagnrýnin hugsun

Aldrei hefur gagnrýnin hugsun verið jafn mikilvæg og nú þar sem upplýsingar eru óljósar og misvísandi. Frumkvöðull gagnrýnnar hugsunar er heimspekingurinn Sókrates og fyrir það á heimspekin honum mikið að þakka. Sókrates var sérstakur á þann hátt að hann leitaði stöðugt að sönnunum, einhverjum algildum reglum um lífið og tilveruna. Hann var merkismaður í sögu mannglegrar hugsunar. Sókrates var síleitandi og spurði til að fræðast af öðrum og oft spurði hann menn í ógöngur og fékk andmælendur til að viðurkenna vanþekkingu sína. Hann vildi ekki fá hráar upplýsingar án skýringa því hann trúði því að gagnrýna þyrfti hverja og eina staðreynd þekkingar því af því mætti læra eitthvað nýtt. Sókrates var stöðugt að leita réttlætis og dyggða og hann lét engan trufla sig við þessa leit. Listin að spyrja og vilja spyrja er góð. Sókrates hvatti menn til að halda leitinni áfram og ekki sætta sig við fyrirfram gefnar fullyrðingar sem hann gagnrýndi harðlega. Sókrates velti siðfræðinni fyrir sér og hann var höfundur nýrrar kennslu- og rannsóknaraðferðar (Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason, 1983). Kennslufræði okkar í dag er lituð af fræðum Sókratesar sem kenndi okkur að leita nýrrar þekkingar. Í lýðræðisþjóðfélagi þurfum við sífellt að afla okkur nýrrar þekkingar og vera stöðugt leitandi, með því að spyrja og gagnrýna svörin. Frjáls hugur og frjáls ræða er hluti af lýðræðishugtakinu. Skólar sem aðhyllast nemendalýðræði þurfa að kenna nemendum sínum að hugsa á gagnrýnninn hátt og taka þátt í samræðum um ólík málefni. Skólinn þarf að vera meðvitaður um það umhverfi sem hann býður nemendum sínum og gefa þeim tækifæri á að láta í sér heyra.

Samræðuformið er ein af áherslum nemendalýðræðisins og þurfa nemendur að koma sínum skoðunum á framfæri og hlusta hvert á annað. Heimspekingurinn Matthew Lipman er einn af brautryðjendum iðkunar heimspeki með börnum en hann hefur verið að þróa kennsluáferðir með þeim. Lipman sækir fræði sín í Platón og Sókrates og hann hvetur börn til að hlusta hvert á annað og vega og meta rök annarra í stað þess að gleypa upplýsingar og harðar staðreyndir hráar án þess að skoða þær nánar og beita gagnrýnni hugsun. Lýðræðishugtakið er nátengt hans fræðum og inntaki kennslunnar. Lipman hefur sterka trú á lýðræðinu og er í raun að undirbúa börn fyrir lýðræðisþjóðfélag. Hann lítur á heimspeki sem tæki til að styrkja tjáningarfrelsi og frjálsa hugsun því lýðræðishugtakið tengist frelsi manneskjunnar (Ágúst Borgþór Sverrisson, 1992).

Það er ljóst að samræður eru mikilvægar en hvar og hvenær er staður og tími fyrir þær? Einn þáttur nemendalýðræðis er að halda bekkjarfundum. Þeir eru tilvaldir fyrir samræður svo sem málefni líðandi stundar, hvort sem það eru vandamál eða skemmtanir en aðallega það sem liggur á hjarta nemenda. Það eru kostir og gallar við allt og þar á meðal geta vaknað upp spurningar hvort við eigum að kenna nemendalýðræði í grunnskólum landsins. Helstu ókostir nemendalýðræðis geta verið pólitískir eða kennslufræðilegir. Pólitíska hliðin er sú að kennarar eiga auðvelt með að innræta nemendum eigin stjórnmálaskoðanir og kennslufræðilega hliðin er sú að þetta sé tilgangslaust og tímaþjófur frá öðrum námsgreinum (Kristján Kristjánsson, 2003). Í kaflanum hér á eftir munum við greina frá kostum nemendalýðræðisins.

#### **4. Af hverju nemendalýðræði?**

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi og hugmyndin um nemendalýðræði er að kenna nemendum um lýðræði og hvernig það virkar. Til að vera virkur þjóðfélagsþegn þurfum við að læra reglur þjóðfélagsins og virða þær. Því fyrr sem við byrjum að læra eitthvað nýtt því betri verðum við í því. Nemendur þurfa einnig að læra að taka ábyrgð á sínu námi og finna að þeir hafi eitthvað um það að segja. Skólasamfélagið á Íslandi hefur hingað til verið kennaramiðað þar sem kennarinn stjórnar því hvað fer fram í tímum og oftast en ekki sér hann um að tala og miðla upplýsingum. Lýðræði gengur út á það að heyrast þurfi í öllum, bæði í meiri- og minnihlutahópum.



Eins og áður hefur komið fram er skólaskylda á Íslandi og ríkinu ber að mennta alla þegna sína. Í 35. grein grunnskólalaganna segir að:

Allir nemendur grunnskólans eiga rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskólinn skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendum finni til öryggis og njóti hæfileika sinna

(Heimasíða alþingi Íslands, án árs).

Grundvöllur þess að börn nái árangri í skóla er að þeim líði vel og að andrúmsloftið sé þægilegt. Þetta einskorðast ekki eingöngu við skólastofuna heldur allan skólann í heild. Á Íslandi hefur skólasamfélagið verið í stöðugri þróun meðal annars með tilliti til líðunar nemenda og má þar nefna Olweusarverkefnið sem er verkefni gegn einelti. Margar góðar hugmyndir koma erlendis frá og með aukinni samvinnu Evrópuþjóðanna fer skólakerfið batnandi. Ísland er hluti af Evrópuráðinu og hlutverk þess er að bæta samskipti aðildarlandanna. Nýlega hvatti Evrópuráðið ungt fólk innan Evrópu til að útbúa sáttmála fyrir lýðræðislega skóla án ofbeldis. Sáttmálinn byggir á gildum Evrópubúa og meginmarkmiðum sérstaklega varðandi mannréttindi og viðurkenningu á frjálsum gildum. Sáttmálinn skiptist niður í sjö hluta sem hljóða svo:

1. Allir meðlimir skólasamfélagsins eiga rétt á öruggum og friðsömum skóla. Allir hafa þá ábyrgð að leggja sitt af mörkum til þess að skapa jákvætt og hvetjandi umhverfi til menntunar og þroskunar persónuleikans.
2. Allir eiga rétt á því að komið sé fram við þá á sama hátt og af sömu virðingu án tillits til persónulegs mismunar. Allir njóta frelsis til tjáningar án þess eiga á hættu mismunun eða bælingu af hálfu annarra.
3. Skólasamfélagið ber ábyrgð á því að allir séu meðvitaðir um réttindi sín og skyldur.

4. Allir lýðræðislegir skólar hafa lýðræðislega kosið skólaráð, sem sér um ákvarðanatökur innan skólans. Það ráð samanstendur af fulltrúum nemenda, kennara, foreldra og öðrum meðlimum skólasamfélagsins þar sem við á. Allir meðlimir skólaráðsins hafa rétt til þess að kjósa um ákvarðanir varðandi skólann.
5. Í lýðræðislegum skóla eru hvers kyns árekstrar eða deilur leystar á ofbeldislausan og uppbyggjandi hátt í samvinnu við alla meðlimi skólasamfélagsins. Hver skóli hefur innan síns samfélags þjálfaða nemendur og starfsfólk sem sinnir því hlutverki að leysa hvers kyns árekstra og deilur með ráðgjöf og samningaviðræðum eftir því sem við á.
6. Hvert og eitt tilfelli af hvers kyns ofbeldi er rannsakað og tekist er á við það við upphaf þess og því fylgt eftir hvort sem nemendur eða aðrir meðlimir skólasamfélagsins eiga hlut að máli.
7. Skólinn er hluti af hinu víðara samfélagi. Samvinna og upplýsingaflæði milli skólans og aðila utan hans er mikilvægt til þess að koma í veg fyrir og leysa hvers kyns vandamál.

(Heimasíða Evrópuráðs, án árs).

Mælt er með því að allir skólar í Evrópu taki þennan sáttmála til alvarlegrar íhugunar sem fyrirmynd til að ýta undir lýðræðislegt skólakerfi án ofbeldis. Að okkar mati eiga öll þessi sjö atriði vel við á Íslandi til að bæta lýðræðislegt skólakerfi. Þjóðfélagið á Íslandi hefur breyst ört hin síðustu ár með tilkomu ólíkra hópa nemenda innan skólans. Til að sporna við ágreiningi og mismunun nemenda er nauðsynlegt að færa skólakerfið nær lýðræðinu þar sem allir eru jafnir. En markmið kennslu og náms í grunnskólum er að koma í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Skólastarf á að taka mið af mismunandi hæfileikum, þroska, persónugerð, getu eða áhugasviði nemenda (Heimasíða menntamálaráðuneytis, án árs). Með því að aðgreina ekki nemendur innan

skólans erum við að stuðla að lýðræði þó svo megi deila um hvort þessu sé framfylgt í skólum í dag.

Nemendalýðræði getur verið forvörn fyrir nemendur því þeir læra góða hegðun og hvað er ásættanlegt í þjóðfélaginu. Nemendur verða víðsýnni og opnari fyrir nýjum og ólíkum skoðunum. Skólinn er lítið samfélag innan samfélags og þar er hægt að æfa lýðræði eins og það gengur og gerist í samfélaginu. Allir gegna hlutverki innan skólans og hlutverk hvers og eins er ólíkt. Til að starfsemi skólans gangi vel þurfum við að virða hvert annað, ólíkar skoðanir og viðhorf. Það eru allir jafn mikilvægir og sú hugsun er þáttur í kenningu lýðræðis. Skólaandinn þarf að vera lýðræðislegur og allir að vinna undir honum og viðhorf kennara skiptir miklu máli. Þeir þurfa að vera jákvæðir gagnvart því starfi sem unnið er varðandi lýðræði, vera opnir fyrir nýjungum og það er nauðsynlegt að virkja kennara til að efla lýðræðislega hugsun. Skólar eru oftast með ákveðnar hefðir og fara allir innan skólans eftir þeim en kennarar og stjórnendur þurfa að vera opnir fyrir breytingum sem gætu leitt til að hverfa þurfi frá vissum hefðum.

Umræðan um nemendalýðræði hefur verið að þróast en verkefnið er ekki komið nógu langt á veg þó svo að Vogaskóli sé að gera góða hluti með þróunarverkefni sitt um nemendalýðræði. Ef vel tekst til með nemendalýðræði í skólum myndi ábyrgari og víðsýnni þegnum fjölga í samfélaginu og umburðalyndi myndi aukast. Íslenskt þjóðfélag er orðið fjölmenningarlegra en það var og mikilvægt er að skoðanir allra heyrist. Upphafið að lýðræðislegri fræðslu hefst í skólanum því öll þurfum við að læra reglur samfélagsins en eins og Dewey orðaði það þá er lýðræði lífstíll (Dewey, John, 1998).

## 5. John Dewey

Einn af þekktustu uppeldisfrömuðum sögunnar er John Dewey, hugmyndasmiður nemendalýðræðisins. Dewey fæddist í Bandaríkjunum árið 1859 og lést árið 1952. Hann var heimspekingur, sálfræðingur og uppeldisfræðingur að mennt og hefur haft mikil áhrif á kennsluaðferðir bæði í grunn- og leikskólum. Dewey stundaði lengi vel kennslu í mennta- og háskólum í Bandaríkjunum og bjó um tíma í Chicago. Þar stofnaði hann tilraunaskóla í samvinnu við eiginkonu sína, Alice Chipman árið 1896 sem nefndist *The laboratory school* eða *The Dewey School* sem hann var oftast kallaður. Í þessum tilraunaskóla mótaði Dewey uppeldiskenningar sínar með ritunum *The School and Society* og *The Child and The Curriculum*. Markmiðið með stofnun tilraunaskólans var fernskonar að hans mati:

1. Í fyrsta lagi hvað hægt er að gera til að færa skólann nær heimili og nágrenni og hvaða aðferðir henta best.
2. Í öðru lagi hvernig eigi að kenna sögu, náttúrufræði og bókmenntir til að fá jákvæðan árangur og hvernig það skiptir máli í lífi barnsins.
3. Í þriðja lagi hvernig hægt er að tengja kennslu formlegu greinanna sem eru lestur, skrift og reikningur við aðrar greinar og við reynsluheim barnsins svo það finni tilgang með náminu.
4. Í fjórða og síðasta lagi hvernig er hægt að sinna hverju og einu barni í smáum hópum.

(Myhre, Reidar, 1996)

Í stuttu máli vildi Dewey óhefðbundnar kennsluaðferðir og þar var horfið frá utanbókarkennslu sem var mest einkennandi í Bandaríkjunum á þessum tíma. Hann taldi að félagslegar athafnir barnsins væru mikilvægar og þá sérstaklega hjá yngri börnunum. Hugmynd Deweys um skóla var samfélagið í smækkaðri mynd sem átti að grundvallast á lýðræðislegum samskiptum (Dewey, John, 1994). Ein þekktasta tilvitnun í Dewey sem notuð er í uppeldis- og kennslufræðum er „learning by doing“ eða að „læra með því að framkvæma“ sem varð einkunnarorð kennsluhátta hans. Þar á Dewey við að börn læri og uppgötví af athöfnum sínum. Börn þurfa að læra án þess að vera stýrt af fullorðnum og

kennarinn er í hlutverki leiðbeinandans sem sér til þess að börnin hugsi um það sem þau voru að framkvæma og geri sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Þessi hugsunarháttur er ein af meginhugmyndum nemendalýðræðisins þar sem nemendur eiga að fá tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á nám sitt og hvað þau vilja fá út úr því. Einnig er hægt að tengja þetta við einstaklingsmiðað nám sem sumir skólar hafa tileinkað sér að undanfögnu. Þó einstaklingsmiðað nám eins og við þekkjum það sé nýtt af nálinni þá hefur hugmyndin verið lengi á döfnni.

Eins og áður sagði hafði Dewey mikinn áhuga á lýðræði og vildi tengja það inn í skólana. Hann taldi mjög mikilvægt fyrir nemendur að þekkja lýðræði og átta sig á að það væri hluti af lífinu. Að hans mati er lýðræði persónulegt og einstaklingsbundið og við sem einstaklingar mótumst af umhverfinu. Það að alast upp í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur að móta okkur sem persónur sem hefur áhrif á hvað við gerum og viljum í lífinu (Dewey, John, 1998). Í lýðræðislegu þjóðfélagi eiga allir þegar að hafa frelsi og val til að taka ákvarðanir fyrir sig og Dewey taldi að þetta eigi einnig við í skólasamfélaginu. Nemendur eiga að hafa skoðanir um nám sitt og hafa val og frelsi um það sem þeir vilja. Tjáningarfrelsi er eitt af hinum stóru hugtökum lýðræðisins og Dewey áleit að skoðanir nemenda ættu að heyrast. Allir eiga að hafa sömu tækifæri í lífinu óháð stétt eða stöðu og er það hin lýðræðislega hugsun. Öll börn eiga rétt á að stunda nám og geta nýtt alla sína hæfileika. Dewey talar um að í lýðræðislegu þjóðfélagi eiga þegar að geta tjáð sig hver við annan og að allir eigi rétt á sínum skoðunum. Hans skoðun er sú að lýðræði sé lífsstíll og einkenni þess sé að borgarar geti tjáð sig um stjórnsmál og trú án þess að þurfa að gjalda þess á neinn hátt. Hann taldi að þetta væri réttur okkar sem þegna þjóðfélagsins og það sem eyðileggur þennan lífsstíl er þegar við þurfum að lifa í ótta, hatri og ofbeldi meðborgara okkar. Orðið lífsstíll er mikilvægt í huga Deweys sem fjallar mikið um það í tengslum við að lifa og hrærast í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þetta er lífsstíll sem við sem þegar verðum að tileinka okkur því við þurfum að geta lifað og unnið með öðrum í sátt og hætta að hugsa um lýðræði sem stofnun heldur sem lífsmáta. Hlutverk lýðræðisins er að skapa frjálsa og mannlega reynslu sem við deilum öll og þar sem allir leggja sitt af mörkum (Dewey, John, 1998).

Skólasamfélagið getur tileinkað sér þessa hugsun auðveldlega vegna þess því fyrir sem nemendur læra og tileinka sér hvernig lýðræði virkar því auðveldara verður fyrir þá að aðlagast lýðræðislegu þjóðfélagi og þeim reglum sem þar gilda. Þannig undirbúum við nemendur undir hlutverk sitt í samfélaginu. Með því að stuðla að nemendalýðræði í skólum fá nemendur tækifæri til að upplifa sig sem þegna innan menntakerfisins og þannig áfram út í lífið. Hluti af þessu er að nemendur fái tækifæri til að tjá skoðanir sínar á hinum ýmsu hlutum hvort sem það er varðandi námið eða skólasamfélagið.

### 5.1. Áhrifavaldar John Deweys

Hugmyndin um lýðræði má rekja aftur til tíma forn-Grikkja eins og Sókratesar, Platóns og Aristótelesar. Sókrates var maður sannleikans og hann var stöðugt að leita hans. Sókrates hélt því fram að maðurinn hefði sannleikann í sjálfum sér en að hann þurfti að þroska þekkingu sína með stöðugri leit. Hann knúði fólk til að spyrja nýrra spurningar um ýmis málefni og með því fékk það nýjar hugmyndir sem voru í mótsögn við fyrri svör. Með þessu var Sókrates að færa þekkinguna á æðra stig og knýja fólk til nýrrar íhugunar. Hamingjan var hluti af siðfræðihugsun Sókratesar og Platón tók við af læriföður sínum um skilning hans á hamingjunni. Fyrir þetta urðu þeir upphafsmenn stefnu í siðfræði sem nefnist hamingjustefna. Til að skilja siðfræði Platóns þarf að skoða hana í tengslum við sálarfræði hans en þar gerir hann ráð fyrir þremur þáttum, girnd, vilja og viti. Hver og einn þessara þátta táknar dyggð eða mannkost. Girndin er sjálfstjórn, viljinn er hugrekkið og vitið er viskan. Áhrif Sókratesar og Platóns voru ólík þrátt fyrir sameiginleg markmið þar sem Platón hreif með skáldlegum sýnum en Sókrates snerti með persónu sinni. Helsti lærisveinn Platóns var Aristóteles og í samanburði við Platón var hann hinn allsgáði rannsakandi, vísindamaður og kerfissmiður. Aristóteles taldi að maðurinn væri félagsvera og gæti aðeins orðið hamingjusamur og notið síns til fulls í samfélagi við aðra menn. Að hans mati var tilgangur ríkisins að skapa lífsskilyrði til að fullgildum borgurum gæfist tími og tækifæri til að þroska mannkosti sína en þarna á hann við að þegnarnir séu að undirbúa sig að gegna skyldum sínum við samfélagið (Myhre, Reidar, 2001). Allir þessir þrír merku menn voru að leita hins eins og sama þ.e. hamingjunni. Þeir töldu að það væri hægt að túlka

hamingjuna á ýmsan hátt og má sjá margt í fræðum Deweys sem tengist þeirra hugmyndum.

Frakkinn Jean Jacques Rousseau var einnig maður lýðræðis og frelsis. Rousseau setti fram hugmyndir um einfalt og eðlilegt lífverni og sagði að maðurinn væri frjáls og óspilltur frá náttúrunnar hendi. Rousseau var dæmigerður fulltrúi upplýsingarinnar og setti jafnaðarmerki milli eðlis og skynsemi eins og oft var gert í upplýsingarstefnunni. Í raun gekk Rousseau lengra en upplýsingin því hann lagði þyngri áherslu á eðlið en skynsemina og þess vegna varð tilfinningin og önnur hjartans mál stærri. Rousseau skrifaði nokkrar bækur og er eitt hans þekktasta rit bókinn *Émile* (Myhre, Reidar, 1996). Í bókinni setur hann fram hugmyndir sínar um menntun og voru þessa hugmyndir andstæðar þeim hugmyndum sem þá voru í gildi. Rousseau setti fram margar hugmyndir í ritinu og ein er sú að menntun byrji strax við fæðingu og markmiðið með því sé að gefa af sér frjálsan og sjálfstæðan einstakling (Ólafur Páll Jónsson, 2007). Annað þekkt rit eftir Rousseau er *Samfélagsáttmálinn* sem var frægasta stjórnspekirit 18. aldar og fjallar um samband mannsins við samfélagið. Ritið er mjög byltingakennt og hægt er að tengja margt í því við stjórnmálhugsun seinni alda. Rousseau var lýðveldissinni og hugtakið almannavilji gegnir lykilhlutverki í kenningum hans. Hann taldi að almannavilji væri ekki það sama og vilji meirihlutans, þar sem meirihlutanum geti skjátlást en almannaviljinn er óskeikull. Fáir stjórnspekingar hafa talað máli lýðræðis, frelsis og jafnréttis af eins mikilli ástríðu og Rousseau og sú kenning sem stendur upp úr hjá honum er að barnið sjálft eigi að vera í fyrirrúmi og að það eigi að sníða námsefni barnsins að þörfum þess. Áhrifamestu uppeldisfrömuðir Vesturlanda, þar á meðal María Montessori og John Dewey héldu þessari kenningu á lofti (Atli Harðarson, 1995).

Kenningar Deweys koma víða við og það fer enginn í gegnum háskólamenntun í uppeldis- og kennslufræðum án þess að læra um Dewey því hann er einn þekktasti hugmyndasmiður uppeldisfræða um allan heim og aðferðir hans eru mikið notaðar enn þann dag í dag. Dewey skrifaði mikið og samdi mörg sinna frægustu ritverka meðan hann starfaði við Háskólann í Columbia frá 1905 til 1930 eða til starfsloka. Meðal þekktustu rita hans eru *Moral Principles in Education* sem kom út árið 1909, *How we Think* sem kom út 1910,

*Interest and Effort in Education* sem kom út árið 1913 og hið uppeldisfræðilega höfuðrit *Democracy and Education* sem kom út árið 1916 (Myhre, Reidar, 1996). Bókin er talin stórvirki í heimspeki menntunar. Þar koma fram grundvallaratriði heimspeki hans til 1916 þar sem hann ræðir um hugmyndaþróun sína. Bókin var vel tekin af kennslu- og menntunarfræðingum og var litið á hana sem tímamótaverk í heimspeki menntunar og líkt við *Ríki* Platóns og *Émile* Rousseaus. Dewey gaf einnig út yfirlit yfir uppeldis- og fræðsluhugmyndir sínar í riti sem nefnist *Experience and Education* og kom það út árið 1938 og byggir á nokkrum fyrirlestrum hans (Dewey, John, 1994).

Hugmyndir Dewey hafa ekki alltaf tengst námskrám skólanna á síðustu árum þó svo áhrif hans megi finna víða innan menntageirans. Frelsinhugtakið sem Dewey notaði svo mikið hefur ekki náð fótfestu í skólakerfinu hérlendis. Samt sem áður heyrast raddir um frelsi innan skólanna og mætti segja að það væri hluti af hinni duldu námskrá. Eins og áður hefur komið fram er langt síðan Dewey setti fram hugmyndir sínar og okkur finnst athyglisvert að hugmyndir hans skuli ekki hafa verið meira notaðar á Íslandi en þó hafa nokkrir leikskólar reynt að nýta sér stefnu hans. Það er fyrst núna sem áhrifa Deweys gætir innan grunnskólanna með tilkomu einstaklingsmiðaðs náms og á seinni árum er algengara að rekast á nafn hans við skoðun á uppeldisstefnum og kennsluaðferðum. Dewey var heimsfrægur hugsuður á sviði skóla og menntamála og áhrifa hans gætir víða í löndum utan Bandaríkjanna. Hann hélt fyrirlestra í fræðslumálum og rit hans voru þýdd á fjölmörg tungumál. Þrátt fyrir velgengnina var hann gagnrýndur á sínum tíma og jafnvel sett bann á hugmyndir hans í heimalandinu. Andstæðingar Deweys töldu að hugmyndir hans hefðu skaðað skólakerfi Bandaríkjanna. Banninu var þó fljótlega aflétt og árið 1961 var stofnað safn sem heitir *Center for Dewey Studies* í Illinois í tengslum við háskóla þar. Þar var öllum verkum Dewey safnað saman og þau prentuð í fræðilegri útgáfu. Í dag er verkinu lokið og liggja öll verk Deweys þar, bækur og greinar, í samtals 37 bindum (Dewey, John, 1994).

John Dewey var merkur maður og langt á undan sinni samtíð. Við teljum víst að hugmyndir hans muni þróast æ meira næstu árin og festa sig í sessi innan íslenska menntakerfisins.



## 6. Borgaravitund

Eins og áður hefur komið fram þá er nauðsynlegt að kenna nemendum um hvernig lýðræðið virkar og er gott að byrja innan skólans. En ein hlið nemendalýðræðis er borgaravitund og nemendur þurfa að læra um hugtök eins og borgari, samkennd, lýðræði og mannréttindi. Með þessari fræðslu er nemendum kennt að vera virkir þjóðfélagsþegnar og taka ábyrgð á sjálfum sér. Fyrst þarf að útskýra þessi hugtök svo nemendur geri sér grein fyrir þeim og skilji um hvað er verið að tala. Nánari útskýring á hugtakinu lýðræði er það að lifa í samfélagi og geta valið á milli mismunandi lausna þegar vandamál koma upp og hafa frelsi til þess (Borgaravitund og Lýðræði, 2005). Að tileinka sér borgaravitund getur verið erfitt og endalaust ferli sem byrjar snemma og heldur áfram ævina á enda. Það er gott að byrja snemma að gera börnum grein fyrir grunnhugtökum samfélagsins og til hvers er ætlast af þeim. Það er mismunandi eftir löndum hver tilgangur er með kennslu borgaravitundar og hvernig hún er túlkuð. Munurinn kemur meðal annars fram í mismunandi menningu og hefðum þjóðanna (Citizenship Education at School in Europe, 2005).

Borgaravitund er hugtak sem notað var í verkefni á vegum menntamálaráðuneytisins árið 2005. Markmiðið með verkefninu var að vekja til umhugsunar hvernig hægt er að tengja borgaravitund, lýðræði og lýðræðislega þátttöku innan skólans og í öðrum félagsstörfum (Borgaravitund og lýðræði, 2005). En hvað er borgaravitund? Hugtakið hefur verið notað í þúsundir ára en uppruna hugtaksins má rekja til forn-Grikkja og þá í tengslum við borgaralegar dyggðir og var það talið vera mikilvægt hugtak að vera góður. Síðan hefur notkun hugtaksins þróast og verið tengt við þjóðerni og mikilvægi réttinda fyrir alla borgara. Mismunandi er hvernig þetta er túlkað í dag en hjá sumum er lögð áhersla á skyldur þegnanna en hjá öðrum er lögð áhersla á réttindi þeirra (Borgaravitund og lýðræði, 2005).

Eftirfarandi tilvitnun dregur saman í stuttu máli hvað það felur í sér að vera borgari:

Borgari er í meginatriðum meðlimur þess samfélags sem er á svæðinu, þannig að ef okkur er umhugað um að byggja upp samfélag sem virðir mannréttindi setur það einstaklingnum takmarkanir um það hvernig hann lifir í viðkomandi samfélagi.

(Borgaravitund og lýðræði, 2005).

Að búa í lýðræðislegu þjóðfélagi felur ekki bara í sér að hver og einn taki sínar ákvarðanir heldur þarf hann að taka tillit til meðborgara sinna. Þó svo að það séu grundvallarréttindi þá getum við ekki hegðað okkur eins og okkur sýnist. Það þarf að virða reglur þjóðfélagsins og réttindi annarra og þetta þurfum við einnig að kenna nemendum okkar. Það eru mannréttindi nemenda að í skólanum sé lýðræði og að nemendur taki þátt í því lýðræðisstarfi sem þar fer fram. En hvernig getum við kennt nemendum hvernig er að búa í lýðræðislegu þjóðfélagi? Til þess eru ýmsar leiðir og hér verður stiklað á nokkrum þeirra.

Það þarf að kenna nemendum að hlusta á skoðanir annarra og taka þátt í að leysa ágreining á friðsaman hátt. Kenna þeim að axla ábyrgð og vinna með öðrum. Að þekkja lög og reglur sem gilda í samfélaginu og taka ábyrgð á eigin ákvörðunum. Til að kenna nemendum að vinna saman eru þeir látnir vinna í hópum, stórum og smáum en þeir þurfa einnig að geta unnið einstaklingsverkefni. Nemendur eiga að fá að taka ákvarðanir í samráði við kennara og kallast það virkt nám en þá er nemandinn virkur í námsferlinu. Þær leiðir sem hægt er að nota við það er til dæmis hugstormun, hlutverkaleikir, rökræður, umræður og verkefnavinna (Borgaravitund og lýðræði, 2005). Það er nauðsynlegt að byrja snemma til að venja nemendur við og er hægt að byrja strax í fyrsta bekk. Það er kannski erfitt að útskýra fyrir svo ungum nemendum hugtakið lýðræði en það eru ýmsar leiðir sem hægt er að nota eins og til dæmis að hafa bekkjarfundi þar sem nemendum lærist að skoðanir annarra skipta máli og svo seinna meir með bekkjarráði og nemendaráði þar sem kosningar fara fram og nemendur kjósa sinn fulltrúa. Með þessu er verið að kenna nemendum innihald lýðræðis og undirbúa þá fyrir samfélagið.

## 7. Vogaskóli – Móðurskóli í nemendalýðræði

Árið 2004 varð Vogaskóli móðurskóli í nemendalýðræði, lífsleikni og mannréttindafræðslu en eins og kom fram í kaflanum um borgaravitund þá var árið 2005 *Ár borgaravitundar og lýðræðis í skólastarfi*. Verkefninu var hleypt af stokkunum í Vogaskóla sem er frumkvöðull á þessu sviði og öðrum skólum til fyrirmyndar (Heimasíða menntamálaráðuneytis, án árs).

Vogaskóli er í grónu borgarhverfi og hefur starfað í hátt í 50 ár. Hann er einn af eldri skólum borgarinnar og einkunnarorð hans eru tekin beint úr hinum viskufullu Hávamálum: *Vits er þörf, þeim er víða ratar*. Síðustu árin hefur nemendum skólans fjölgað talsvert en í dag eru um 360 nemendur í 1.-10. bekk og starfsmenn tæplega 60. Vegna þrengsla undanfarin ár var ákveðið að stækka skólann og síðastliðið haust var nýbygging teking í notkun. Þar er nemendum á yngsta og miðstigi kennt í opnu rými sem kallar á fjölbreyttari kennsluhætti með aukinni blöndun nemenda og samvinnu nemenda og kennara. Meginmarkmið fyrir skólaárið 2007 – 2008 er:

- Aukin samvinna kennara innan sama stigs og milli stiga.
- Aukin samvinna nemenda og jafningjafræðsla
- Aukið samstarf við foreldra og tengsl við nærumhverfið
- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Innleiðing Olweusaráætlunar

(Handbók heimilanna 2007-2008)

Markmið Vogaskóla með því að taka að sér móðurskólaverkefnið er að efla nemendur til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, bera ábyrgð á námi sínu, styrkja sjálfsmynd sína og auka samkennd. Það er mikilvægt fyrir alla að læra að lifa og vinna saman á jafnréttisgrundvelli. Eins og við höfum fjallað um í kaflanum *Af hverju Nemendalýðræði* þá teljum við jafnrétti innan skólans mikilvægt. Stefna Vogaskóla er jafnrétti milli allra nemenda án tillits til kyns, þjóðernis, stéttar, stöðu og trúarbragða. Einnig er nefnt þar að styrkja þurfi sjálfsmynd

nemenda og efla lýðræðislega þátttöku þeirra í skólastarfinu (Handbók heimilanna 2007-2008). Þegar litið er yfir markmið og stefnu Vogaskóla má sjá tengsl við Aðalnámskrána þegar fjallað er um málefni eins og lýðræði.

Veturinn 2007-2008 var Olweusaverkefnið stofnsett í Vogaskóla og vegna þess og flutninga hefur hefðbundið starf raskast. Því hefur ekki verið sérstaklega unnið í nemendalýðræðisverkefninu þó stöðugt sé unnið í anda þess. Móðurskólaverkefnið um nemendalýðræði hefur nú staðið í heil þrjú skólaár frá því Fræðslumiðstöð Reykjavíkur auglýsti þetta verkefni. Þá var óskað eftir því að Sigrún Björnsdóttir kennari í Vogaskóla sækti um það vegna reynslu hennar í nýbúamálum. Sigrún ákvað að taka verkefnið að sér með því skilyrði að Margrét Eiríksdóttir samkennari hennar ynni það með henni þar sem þær hafa starfað lengi saman (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008). Innan þessa verkefnis ákváðu þær að vinna með nemendalýðræði, mannréttindi og lífsleikni. Nemendalýðræði hafði þá lítillaga verið kennt í skólum en ekkert um mannréttindi.

Strax í upphafi byrjuðu þær að kynna sér nemendalýðræði í skólum nágrennalandanna og í Englandi og fengu þannig miklar upplýsingar. Margrét og Sigrún heimsóttu skóla í Osló þar sem gengið er út frá því að nemendur stjórni sjálfir námi sínu, en hjá Vogaskóla hefur lýðræðið meira tengst félagslegu hliðinni. Þegar þær byrjuðu með verkefnið studdust þær við Barnasáttmálann og einnig bókina *Fyrstu skrefin* sem Sameinuðu þjóðirnar gáfu út. Bókin er mjög áhugaverð með kveikjum að skemmtilegum verkefnum (*Fyrstu skrefin*, 1997). Þetta verkefni hentaði vel þar sem skólinn var byrjaður að vinna með að láta nemendur taka ábyrgð á námi sínu. Sigrún og Margrét byrjuðu að kynna sér verkefnið í mars 2004 en það hófst þó ekki fyrir alvöru fyrr en haustið eftir. Þá höfðu þær kynnt það fyrir kennurum og fengið hugmyndir hjá þeim. Þær lögðu mikla áherslu á að vinna þetta verkefni í samstarfi við kennara og uppskáru jákvæð viðbrögð þeirra. Þar sem sífellt er verið að hlaða meiri vinnu á kennara ákváðu þær í byrjun að verkefnið yrði ekki fjallið sem kennarar fengu yfir herðarnar og lýstu því yfir við þá (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

Fyrsta árið var ákveðið að vinna með ákveðin gildi eða stoðir en það ár var einmitt verið að rífa niður skólann vegna stækkunar hans. Þau gildi sem voru undirstaða allra vinnu í lífsleikni voru jákvæðni, ábyrgð og samvinna (Heimasíða Vogaskóla, án árs). Kennarar komu með nýjar hugmyndir að gildum og var kosið um hver þeirra skyldi nota. Gildin voru skrifuð niður sem og skemmtileg hugtök eins og, *vilji er allt sem þarf*. Nemendalýðræði og mannréttindi tengjast lífsleikni og því fannst Sigrúnu og Margréti ekki annað hægt en að endurskoða skólanámskrána og þar var sett ákvæði um nemendalýðræði. Þær miðuðu námskrána í líflseikni við orðin: Ég get, ég vil, ég á að vera fær um o.s.frv. Þannig æfast nemendur í mismunandi færni á notkun og meiningu orðanna og gengur vel (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

Á miðstigi og efsta stigi skólans var nemendaráðið virkjað og nemendalýðræði komið á. Það gafst vel og oft komu nemendur með nýjar tillögur. Fulltrúi frá nemendaráði sat fundi bæði með foreldrafélagi og kennararáði og nemendum til ánægju voru þeirra tillögur skoðaðar og þeim fylgt eftir. Eins og við höfum áður talað um þá er eitt af stóru hugtökum lýðræðisins tjáningafrelsi og að skoðanir nemenda eigi að heyrast (Dewey, John, 1998). Ein af tillögum nemenda var ósk þeirra um viðtalstíma með kennara, annað hvort með því að sækja um þá sjálfir eða að kennari kallaði á þá til sín. Þessir viðtalstímar eru tvisvar á vetri, einu sinni á hvorri önn. Viðtalstímarnir eru hluti af forvarnarstefnu skólans og markmiðið er að skoða líðan nemenda (Heimasíða Vogaskóla, án árs). Nemendur eru misduglegir að nýta sér viðtalstímana en það kemur ekki að sök því þeir eru hluti af stefnu skólans og allir fá tækifæri til að ræða við sinn kennara. Þegar móðurskólaverkefnið hófst fyrir alvöru var unnið í því að auka virkni nemenda á miðstigi í nemendaráði. Reglulega voru haldnir fundir og nemendur fengu að vera með í ráðum um atburði í skólasterfinu sem voru þó að mestu tengdir félagslífinu. Í nemendaráði eru fulltrúar frá miðstigi og efsta stigi og svo eru bekkjarfundir alveg niður í fyrsta bekk sem eru með umsjónarkennara (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

Eins og áður hefur komið fram er skólinn núna með Olweusarverkefnið í gangi og ætla kennarar að flétta því saman við móðurskólaverkefnið. Það á að búa til ákveðið ferli varðandi einelti og hegðun því bæði verkefnið eru svo lík en einelti er litið mjög

alvarlegum augum í skólanum. Á heimasíðu Vogaskóla er eineltisáætlun sem lýsir einelti og ferlinu sem fer í gang ef eineltismál koma upp (Heimasíða Vogaskóla, án árs).

Kosningar eru hluti af lýðræði og til að stuðla að nemendalýðræði þurfa að fara fram kosningar í skólanum. Í Vogaskóla eru kosningar á hverju ári og nemendur kjósa fulltrúa sinn. Við kosningar er mikið rætt um þá ábyrgð sem fylgir því að bjóða sig fram. Hvað er það sem nemendur eiga að skoða þegar þeir kjósa fulltrúa? Það má ekki bara vera vinsælasta stelpa eða strákurinn heldur eiga málefnið á bak við hvern og einn að skipta máli því það felur í sér ábyrgð að vera kosinn. Nokkrum dögum er varið í kosningarnar með framboðsfundum og kynningarræðum. Þetta ferli er þjálfað markvisst bæði hjá frambjóðendum og kjósendum því vanda þarf val sitt. Nemendurnir er orðnir mjög þjálfðir í þessu ferli og frambjóðendur einnig. Þeir eru orðnir mjög vanir að standa upp og halda ræðu, það er ekkert fliss og stælar í gangi á meðan. Í skólanum eru kjördeildir alveg eins og í öðrum kosningum á Íslandi. Níu fulltrúar eru kjörnir árlega í nemendaráð úr hópi þrjátíu nemenda sem bjóða sig fram. Þessir þrjátíu frambjóðendur þurfa að semja framboðsræðu og kynna sig fyrir kjósendum. Bekkirnir standa þétt með sínum fulltrúa og hafa flestir búið til veggspjald og annað tilheyrandi. Gengið er til kosninga í hverri kjördeild fyrir sig sem eru flokkaðar eftir fæðingarmánuði nemenda og kennarar sinna eftirliti. Það eru kosnir tveir fulltrúar frá hverjum 10. bekk en einn fulltrúi í 9. og 8. bekk eða alls átta fulltrúar. Níundi fulltrúinn er svokallaður flakkari og er það sá nemandi sem hefur flest atkvæði á bak við sig án þess að ná kjöri (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008). Á meðan atkvæðin eru talin er haldin kosningavaka þar sem nemendur bjóða upp á skemmtiatriði og njóta veitinga. Þegar úrslit kosninga eru kunn fer fram leynileg kosning um formann nemendaráðs (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2006).

Á miðstigi skólans er ekki kosið í nemendaráð en til að undirbúa nemendur fyrir eldra stigið fá þeir að fylgjast með kosningunum og aðstoða við ýmislegt annað sem gera þarf. Til dæmis að aðstoða við að skreyta fyrir ball eða annað skipulagsstarf. Þetta er kjörið tækifæri fyrir virka nemendur sem taka aukna ábyrgð. Gott dæmi um aukna ábyrgð eru umsjónarmenn í matsalnum sem sjá um þrif og frágang og fylgjast með hver á sínu svæði. Þar með þurfa kennarar aldrei að hafa áhyggjur af að þetta sé ekki gert. Þetta er ekki það

skemmtilegasta sem nemendur gera en þeir gera það þó, jafnvel þó að annar umsjónarmaðurinn sé veikur en þá fá þeir einhvern annan til að hjálpa sér. Þeir ganga beint í verkin og þá verða engin rifrildi enda er þetta á þeirra ábyrgð (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

Í Vogaskóla er vinahópakerfi eða vinabekkir þar sem hver og einn bekkur á yngsta stiginu á vinabekk á efsta stigi eða miðstigi og nemendum er raðað í vinapör innan bekkjanna. Þetta var góður grunnur fyrir verkefnið því vinabekkirnir stuðla að því að efla innra starf skólans þar sem nemendur tilheyra allir sama skólanum. Vinadagar eru haldnir um það bil tvisvar á ári og eru orðnir hluti af skólastarfi Vogaskóla (Heimasíða Vogaskóla, án árs). Fleiri skólar hafa verið að vinna í nemendalýðræði en Vogaskóli hefur ótvírætt forystuna. Nokkrir skólar hafa kynnt sér nemendalýðræðisverkefni skólans og einnig hafa Sigrún og Margrét kynnt móðurskólaverkefnið reglulega hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrir fulltrúa margra grunnskóla. Þær hafa heimsótt Vesturbæjarskóla, Laugarnesskóla og Ingunnarskóla og einnig hafa aðrir skólar sýnt verkefninu áhuga.

Það sem er einstakt við Vogaskóla er að þegar nemendur eru komnir á unglingastigið þá þekkja þeir hver annan með nafni því allir eru í einu rými. Verkefnið hefur verið mjög skemmtilegt þrátt fyrir erfiðar aðstæður í skólanum þegar það hófst en það tengdi alla saman. Sigrún og Margrét hyggjast halda áfram með þetta verkefni og hugmynd þeirra er að hvetja foreldra til að taka meira þátt í því veturinn 2007-2008 en það hefur ekki tekist vegna anna. Markmið Vogaskóla er að verða skóli sem er með góð samskipti innbyggðis þar sem allir eru jafnir, bæði kennarar og nemendur. Það eina sem ekki hefur gengið fullkomlega upp hjá þeim Margréti og Sigrúnu er að hafa nægan tíma til að vinna við verkefnið. En verkefnið er á allan hátt mjög jákvætt og það eru allir ánægðir með útkomuna (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

## 8. Mannréttindi og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Í verkefninu í Vogaskóla er lögð mikil áhersla á mannréttindi. Ástæðan er sú að skólinn er fjölþjóðlegur og þar skorti mjög á kennslu um mannréttindi (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008).

Umræða um mannréttindi hefur aukist á Íslandi sem og annars staðar í heiminum undanfarin ár. Samkvæmt alþjóðasamningi sem Ísland er aðili að er skylda að fræða þjóðina um grundvallarmannréttindi. Uppeldi og kennsla á að miðast við þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það þarf að fjalla um mannréttindi í samhengi við samfélag sem fólk vill að sé byggt á virðingu fyrir grundvallarréttindum mannsins (Ágúst Þór Árnason, 1995).

Eins og fram kom í kaflanum um Vogaskóla nota kennarar þar mikið bók sem gefin var út af Amnesty International árið 2003 og þýdd af Íslandsdeild samtakanna. Bókin heitir *Fyrstu skrefin* og er handbók ætluð til fræðslu um mannréttindi og er notuð í skólum. Í bókinni eru mörg verkefni fyrir alla aldurhópa sem kennarar geta nýtt sér. Í bókinni eru kynntar leiðir til kennslu um mannréttindi og þau útskýrð eins og Amnesty skilgreinir mannréttindi. Það er einnig talað um hvernig mannréttindi eru brotin í sumum löndum sökum kynþáttar, trúar eða jafnvel kyns. Í bókinni eru svo sögur sem hægt er að vinna út úr annað hvort með umræðum eða verkefnum. Það eru margar hugmyndir að ýmiss konar verkefnum í bókinni um einstök málefni sem hægt er að taka fyrir. Það er líka fjallað um bekkjarfundi og mikilvægi þeirra í byrjun umræðu um mannréttindi. Að lokum er farið stuttlega yfir Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og helstu ákvæði þeirra.

Mannréttindi eru grundvöllur mannglegra samskipta í lýðræðislegu samfélagi, hvort sem um einstaklinga eða hópa er að ræða. „Mannréttindafræðsla er hluti félagslegs- og stjórnmalalegs uppeldis og eykur skilning á ólíkum menningarheildum og alþjóðamálum“ (Ágúst Þór Árnason, 1995:67). Kennsla mannréttinda á að byggja á heildstæðum skólaverkefnum en tilgangur slíkra kennsluhátta á að vera sá að þróa réttlátt samfélag sem byggist á virkni þegnanna. Í þessu felst að semja kennsluáætlun sem er ætluð til að kynna



þau mannréttindagildi sem verkefnið byggja á og til að kanna hvaða áhrif þessi gildi hafi á líf fólks í samfélaginu (Ágúst Þór Árnason, 1995).

Mannréttindaskrifstofa Íslands sér um að koma upplýsingum um mannréttindi á framfæri og stuðla að fræðslu á sviði mannréttinda og er hluti af því kynning á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem er nefndur Barnasáttmálinn (Ágúst Þór Árnason, 1995). Eftirfarandi er tekið úr Barnasáttmálanum:

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið staðfestur af fleiri þjóðum en nokkur annar mannréttindasáttmáli. Sáttmálinn setur fram fjölda ákvæða sem snerta á málefnum eins og borgararéttindum, tjáningarfrelsi, fjölskylduumhverfi, grunnheilsu og velferð, menntun, frítíma, menningarathafnir og barnavernd.

(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, án árs).

Fyrsti samningur um réttindi barna birtist árið 1923 en í kjölfar alþjóðlega barnaársins árið 1979 hóf starfshópur á vegum Sameinuðu þjóðanna að vinna að samningi um réttindi barna. Samningurinn var samþykktur af Sameinuðu þjóðunum árið 1989 (Gunnar E. Finnbogason, 1999). Öll ríki heims hafa fullgilt sáttmálann nema tvö en það eru Bandaríkin og Sómalía sem hafa ekki gert það þrátt fyrir að vera búin að skrifa undir sáttmálann. Barnasáttmálinn öðlaðist formlegt gildi á Íslandi árið 1992 og hefur ýmislegt verið gert til að aðlaga íslenskan rétt og stjórnskipulag betur að ákvæðum hans. Hann hefur ekki verið lögfestur á Íslandi en Ísland er þó skuldbundið til að virða og uppfylla ákvæði hans. Í mannréttindalýsingu Sameinuðu þjóðanna er því lýst yfir að það verði að vernda börn og aðstoða og það þurfi að undirbúa börn til að lifa sjálfstæðu lífi innan samfélagsins til að persónuleiki þeirra mótist á jákvæðan hátt. Það á að ala börn upp í anda þess sem segir í sáttmálanum, þ.e.a.s. í anda friðar, virðingar, umburðarlyndis, frelsis, jafnréttis og samstöðu (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, án árs). Það mætti segja að sáttmálinn sé eitt af því mikilvægasta sem gerst hefur í réttindum barna á tuttugustu öldinni en þó ber að athuga að hann er einungis pappír þar til hann verður lögfestur og notaður (Gunnar E. Finnbogason, 1999)

## 9. Bekkjarfundir

Bekkjarfundir eru hluti af nemendalýðræðinu og snúast þeir fyrst og fremst um að nemendur fái tækifæri til að tjá sig og láta ljós sitt skína. Allir fá að tala og ákveðin málefni geta verið tekin fyrir ef svo ber undir. Eins og kom fram í viðtalinu við Sigrúnu og Margréti í Vogaskóla þá er byrjað að hafa bekkjarfundi strax í 1. bekk sem lið í nemendalýðræðisfræðslunni (Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir, 2008). Margir skólar hafa tileinkað sér að halda bekkjarfundi með umsjónarkennara og er markmiðið helst að skapa góðan bekkjaranda og gott andrúmsloft meðal nemenda þar sem virðing, traust og jafnrétti er í fyrirrúmi. Bekkjarfundir eru fyrsta skrefið í átt að kennslu lýðræðis meðal nemenda. Nemendur læra að hlusta á og virða skoðanir annarra, standa fyrir máli sínu og líta á samnemendur sína sem jafningja. Bekkjarfundi má halda til að fræða nemendur og gera þá jákvæða, það á ekki bara að halda bekkjarfundi til að leita úrlausna vandamála sem komið hafa upp. Sumir skólar eru með bekkjarfundi í skólanámskrá og þá eiga þeir að vera inn í stundatöflu. Fundirnir eru oftast með umsjónarkennara og þó svo að þeir séu ekki inn í töflunni þá er gott að vera búin að ákveða fasta tíma fyrir fundina, til dæmis einu sinni í viku þegar bekkurinn er allur saman. Því miður virðist það vera vandamál hjá sumum kennurum að koma bekkjarfundum inn í stundatöflu því þá finnst þeim þeir vera að missa tíma sem þeir ættu að vera að kenna. En staðreyndin er sú að nemendur læra mikið af bekkjarfundum og þessu hugarfari þarf að breyta.

Áður en byrjað er að halda bekkjarfundi er nauðsynlegt að búa til reglur og það er hægt að gera í samráði við nemendur (Ingileif Ástvaldsdóttir, 2005). Dæmi um reglur sem hægt er að semja eru: að rétta upp hönd til að fá orðið, að aðeins einn nemandi tali í einu, nemendur hlusta hver á annan án truflana, nemendur gera ekki lítið úr skoðunum annarra því allir hafa rétt á sínum skoðunum og það þarf að virða. Þessar reglur þurfa að vera sýnilegar fyrir nemendum og þeir þurfa að læra þær. Það væri hægt að skrifa þær upp og hengja upp í stofunni. Nemendur sitja svo í hring augliti til auglitis en hringformið er til að þjappa þeim saman og þeir fái tilfinningu fyrir að þeir séu hluti af heild.

Kennarinn á ekki að stjórna bekkjarfundum heldur leiða nemendur áfram. Nemendur eiga að fá að velja umræðuefni ef ekki þarf að taka eitthvað ákveðið fyrir. Ef taka þarf fyrir viðkvæm málefni eins og einelti þá þarf kennarinn að stjórna meira en vanalega (Ingileif Ástvaldsdóttir, 2005). Hlutverk kennarans er í raun að fylgjast með að allir fái að taka til máls sem vilja og að það sé ekki einhver einn nemandi sem stjórnir og að fundirnir leiðist ekki út í vitleysu. Hann á ekki að leysa mál sem upp koma á bekkjarfundum heldur leiða nemendur áfram í að leysa málefnið sjálfir.

Það er nauðsynlegt að sá sem stjórnar bekkjarfundum hafi áhuga á börnum og sé jákvæður. Stjórnandinn þarf að vera opinn fyrir hugmyndum barnanna og vera góður hlustandi og hann þarf að gjörþekkja allar þær aðferðir og aðstæður sem best duga til að skapa gott andrúmsloft og samræður þar sem nemendur geta auðveldlega sagt hug sinn. Mikilvægt er að uppbyggilegar samræður séu notaðar á jafnvægisgrundvelli því þær eru uppistaða allra lýðræðislegra samskipta (Ingvar Sigurgeirsson, 1996).

Það er hægt að taka upp ýmis málefni á bekkjarfundum eins og til dæmis málefni líðandi stundar, atvik sem hefur komið upp í skólanum, fréttir í fjölmiðlum eða það sem brennur á nemendum þá stundina. Það er gott að nota bekkjarfundi til að ræða um einelti og ef það er ekki eineltisáætlun í gangi í skólanum er hægt að kynna málefnið á þessum fundum. Þá er gott að fá nemendur til að tjá sig og jafnvel lesa krísusögu um einelti og ræða hvernig hægt væri að leysa vandann. Með þessu er verið að opna augu nemenda og þeir fá tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri um lausnir á vandanum.

Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri Þelamerkurskóla kynnti sér móðurskólaverkefni Vogaskóla og gerði meistaraverkefni tengt því. Hún samdi bók sem heitir *Bekkjafundir: leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara og stjórnendur bekkjarfunda* en í henni er að finna 14 hugmyndir að bekkjarfundum (Ingileif Ástvaldsdóttir, 2005). Kennarar í Vogaskóla studdust við þessa bók meðan á verkefninu stóð og notast enn við hana og er hún til í mörgum grunnskólum landsins. Vogaskóli er frumkvöðull á sviði nemendalýðræðis og væri gaman að fleiri skóla tækju hann sér til fyrirmyndar.

## 10. Draumsýn um lýðræðislegan skóla

Hvernig gæti hinn fullkomni lýðræðislegi skóli verið? Þessu er erfitt að svara en við eigum okkur öll draum um hvernig hlutirnir eiga að vera. Kennarar og nemendur hafa jafnvel hugmyndir um hvað betur mætti fara og hvað þeim þætti mikilvægast í skólanum. Við vitum að ekkert er fullkomið í lífinu en það er alltaf hægt að betrumbæta og best að byrja á sjálfum sér. Martin Luther King átti sér stóran draum um jafnrétti og margt hefur gerst síðan þá. Jafnréttisbaráttan í Bandaríkjunum á honum mikið að þakka og hefði engan óráð fyrir því þeim framförum sem hafa orðið í þessari baráttu. Má þá nefna að fyrir forsetakosningarnar árið 2008 í Bandaríkjunum eru blökkumaður og kona að berjast um að vera fulltrúi demókrata í forsetakosningum. Þetta var fjarlægur draumur Martin Luther King sem barðist fyrir jafnrétti allra manna. Við getum látið okkur dreyma um hvernig við viljum hafa hinn fullkomna lýðræðislega skóla þó svo draumurinn rætist ekki til fulls.

Hinn lýðræðislegi skóli eins og við sjáum hann býður upp á meira val á fögum, opnari kennslu og fleiri tækifæri til að tjá sig. „Ungt fólk tileinkar sér helst lýðræði við lýðræðislegar aðstæður þar sem það er hvatt til þátttöku og getur óhikar tjáð skoðanir sínar, þar sem bæði kennarar og nemendur hafa frelsi til tjáningar og þar sem sanngirni og réttlæti er ríkjandi“ (Ágúst Þór Árnason, 1995:77). Það þarf að virkja nemendur til að taka þátt í starfi skólans með því að stofna hin ýmsu ráð eins og til dæmis hagsmunaráð þar sem nemendur geta leitað réttar síns. Með því að virkja nemendur innan skólans erum við einnig að undirbúa þá fyrir lýðræðislega þátttöku í þjóðfélaginu. Þar sem skólinn er hluti samfélagsins er mikilvægt að það séu tengsl við grenndarsamfélagið þar sem nemendur geti nýtt sér það sem það hefur upp á að bjóða svo sem með heimsóknum og kynningum. Einnig er mikilvægt að foreldrar séu virkir þátttakendur, bæði í námi barna sinna og í skólastarfinu almennt. Eins og við fjölluðum um í kaflanum *Af hverju Nemendalýðræði* þá getur nemendalýðræði verið forvörn fyrir nemendur gegn neikvæðri hegðun og viðhorfum og má nefna ofbeldi, einelti og kynþáttafordóma sem dæmi.

Besta leiðin til að kenna og læra lýðræðislega hugsun að mati Deweys er að æfa hana stöðugt (Macbeath, John og Lejf Moos, 2004).

Á tímum Sókratesar sátu menn í hring og ræddu heimspekileg málefni. Í dag er of algengt að skólastofur séu bundnar við borð og stóla sem snúa að töflu kennarans og kennarinn oftast fremstur líkt og einræðisherra sem stjórnar og stýrir kennslustundinni. Það væri skemmtilegra að leyfa nemendum að sitja hvar sem þeir vildu í stofunni og hvernig sem þeir vildu. Ein góð hugmynd væri að láta nemendur kjósa um sætaskipulag á tveggja vikna fresti. Auðvitað þurfa að vera reglur á hlutunum og ef nemendur fá að vera með í því að semja reglurnar eru meiri líkur á því að þeir fari eftir þeim. Við sjáum fyrir okkur nemendur sitja saman á þægilegum púðum og ræða um hin ýmsu fög. Borð og stólar væru eingöngu notuð til að vinna ýmis verkefni en um leið og einhver umræða færi í gang settust nemendurnir saman í hring í þægilegu andrúmslofti.

Hugmyndin um lýðræðislegan skóla byggist á að góð samvinna sé á milli nemenda, kennara og skólastjórnenda. Það er hlustað með athygli á allar þær skoðanir sem upp koma og þær virtar hvort sem þeim er fylgt eftir eða ekki. Mikilvægt er að nemendur geti tjáð sig, hlustað og tekið rökum. Það er grundvallaratriði í allri menntun að geta tjáð sig og er forsenda fyrir þátttöku í hverskonar þjóðfélagi. Það er ekki síður mikilvægt að hlusta á skoðanir annarra og lýsir það virðingu fyrir þeim sem talar (Ágúst Þór Árnason, 1995). Allar málamiðlanir eru góðar og menntun ætti ekki að vera vélræn þar sem stjórnendur ákveða eingöngu, það þarf að ræða um málefnið hlutlaust og komast að niðurstöðu (Macbeath, John og Lejf Moos, 2004).

Námsefni á að vera fjölbreytt og mikið og gott framboð af valfögum. Leggja þarf meiri áherslu á umræður í kennslustundum og gott er að hafa bekkjarfundi fasta í stundatöflu. Lífsleikni þarf að skipa stærri sess en hún gerir í dag og þar væri hægt að fræða nemendur og þjálf þá í að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Í lýðræðislegum skóla er félagsstarf í höndum nemenda og reglulega væri kosið í nefndir og ráð sem tengjast félagslífinu. Hægt væri að meta félagsstörf að einhverju leyti sem nám og myndi það virka hvetjandi á nemendur. Áður en kosið er væri hægt að breyta skólanum fyrir yfirvofandi kosningar til dæmis með kosningaskrifstofum, kjördeildum og kjörklefum. Nemendur halda fundi og flytja sínar framboðsræður. Á kosningadegi kjósa nemendur í sinni kjördeild og þar væru lokaðir kjörklefar með atkvæðaseðlum. Kennarar tækju þátt

með því að telja atkvæðin og fylgjast með að allt færi rétt fram Með því að hafa kosningar í skólanum er verið að undirbúa nemendur undir lýðræðislegar kosningar í þjóðfélaginu og kenna þeim á það kerfi. Það er ekki nóg að kjósa einstöku sinnum eftir að fólk hefur öðlast kosningarétt heldur á að taka virkan þátt í því samfélagi sem fólk lifir og hrærist í því það er lýðræðislegt (Ágúst Þór Árnason, 1995). Það er mikilvægt að nýta kosningarétt sinn og með því að virkja nemendur innan skólanna værum við að kynna þeim snemma á lífsleiðinni hvernig einstaklingur getur haft áhrif og hvað hann er mikilvægur.

Kennarar skipa stóran sess í lífi nemenda sinna sem fyrirmyndir og áhrifavaldar því er mikilvægt að þeir vandi starf sitt. Kennarar verða að vanda tal sitt og þó sérstaklega þegar kemur að pólitískum samræðum. Þeir mega ekki hafa áhrif á nemendur og verða að virða skoðanir nemenda þó svo þær stangist á við skoðanir kennarans. Þeir verða að halda sínum pólitísku skoðunum fyrir sig og gæta þess að gefa öllum sjónarmiðum jafnvægi. Gæta þarf að hlutleysi í einu og öllu og kennarinn á að hvetja nemendur að hafa sjálfstæðar skoðanir. En út á hvað gengur menntun? Erum við að vinna fyrir stjórnendur eða nemendur? Þessar tvær spurningar eru mikilvægar og kennarar þurfa að spyrja sig þessara spurninga þegar þeir eru að kenna ungum hugum (Macbeath, John og Lejf Moos, 2004). Ef við berum saman framsækið skólastarf og hefðbundið skólastarf eins og Dewey fjallaði um það þá gagnrýndi hann það síðarnefnda því hann taldi að í hefðbundnu skólastarfi kæmi þvingun að ofan (stjórnendur, kennarar) og viðmiðum, viðfangsefnum og aðferðum fullorðinna er þröngvað upp á þá sem hafa ekki náð fullum þroska (nemendur). Hlutverk nemenda er að hlýða og læra það sem þegar er til í bókum og í höfði hinna fullorðnu (Dewey, John, 1996). Þessi hugsun á ekki við í nemendalýðræði því við viljum þroska einstaklinginn og undirbúa hann fyrir lýðræðislegt þjóðfélag. Nemendur þurfa að fá frelsi til að þroskast á sinn hátt því öll erum við ólík.

Þessi sýn sem við höfum er ekki tæmandi og er aðeins okkar hugmynd sem öðrum gæti fundist fráleit en það er kosturinn við lýðræðislegt samfélag, við megum öll hafa okkar eigin skoðanir.

## 11. Lokaorð

Í inngangsorðum settum við fram rannsóknarspurninguna, hvað er nemendalýðræði og hvernig er hægt að virkja það í grunnskólum? Við höfum komist að ýmsu um nemendalýðræði en fyrst og fremst snýst það um að nemendur hafi eitthvað um skólastarfið að segja og að þeir hafi atkvæðisrétt innan skólans. Með þessu læra nemendur að vinna í hóp, hlusta á skoðanir og þarfir annarra og virða þær. Grundvöllur mannglegra samskipta í lýðræðislegu samfélagi snýst um mannréttindi og öll fræðsla tengd þeim er hluti af félagslegu- og stjórnmalalegu uppeldi. Við höfum komist að því að það þarf ekki að vera erfitt að virkja nemendalýðræði innan skólanna ef viljinn er fyrir hendi. Vogaskóli er einn þeirra skóla sem hefur gert tilraunaverkefni með nemendalýðræði og verkefnið hefur gengið vel. Í viðtali okkar við verkefnastjóra nemendalýðræðisins kom fram að fleiri skólar sýna verkefninu áhuga og væri gaman að sjá fleiri takast á við þetta verkefni. Skólar eiga það til að halda í gamlar hefðir og geta verið tregir til þegar kemur að breytingum. Viðhorf skólanna þarf að breytast og væri gott að kynna kennurum hugmyndafræði nemendalýðræðis. Góð byrjun væri að innleiða bekkjarfundi og hafa þá fasta inn í stundatöflu og smátt og smátt væri hægt að byggja upp grundvöll fyrir lýðræðislega fræðslu.

Lýðræði snýst um jafnan rétt allra í samfélaginu og þessa hugsun þarf að kenna í skólum. Nú þegar allir skólar landsins eru farnir að kenna lífsleikni finnst okkur tilvalið að flétta nemendalýðræðinu þar með. Í lífsleikninni er kjörið tækifæri fyrir nemendur að koma sínum skoðunum á framfæri og láta reglulega í sér heyra. Með því að stuðla að nemendalýðræði í lífsleikninni eru nemendur að læra á samfélagið og hvaða skyldum ber að gegna. Þegar við vorum í grunnskóla fyrir um 15 árum síðan þá þekktum við ekki hugtök tengd stjórnmalafræðinni og okkur var lítið kennt um samfélagið. Ef við ætlum að undirbúa nemendur fyrir samfélagið þá þurfum við að kenna þeim grunnhugtök og reglur þess. Undanfarin ár hefur skólasamfélagið verið að breytast og er það orðið fjölmenningarlega, þar af leiðandi þykir okkur enn meiri ástæða fyrir fræðslu um samfélagið og best er að byrja sem fyrst. Á Vesturlöndum teljast það vera almenn mannréttindi að ganga í skóla og njóta menntunar. Við þurfum að ganga lengra og stuðla að

Því að nemendur séu virkir í menntun sinni og hafi eitthvað um hana að segja. Nemendur verða að geta valið sína leið í náminu og finna það að þeir eru í skóla fyrir sig en ekki aðra og finna tilgang sinn.



## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir

*Aðalnámskrá Grunnskóla*. 1999. „Almennur hluti“. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

*Aðalnámskrá Grunnskóla*. 1999. „Lífsleikni“. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Atli Harðarson. 1995. „Neyddur til að vera frjáls“. *Afarkostir*, bls. 93-96. Heimspekistofnun Háskóla Íslands. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Ágúst Borgþór Sverrisson. 1992. „Er heimspeki framtíðarvon skólakerfisins?“ *Hugur* 5:38-43. Ritstj.: Ágúst Hjörtur Ingbórsson. Útg.: Félag áhugamanna um heimspeki, Reykjavík.

Ágúst Þór Árnason. 1995. „Mannréttindi og lýðræði í skólastarfi“. *Mannréttindi barna – ritröð Barnaheilla*, bls. 63-83. Útg.: Barnaheill.

*Citizenship Education at School in Europe*. 2005. Bls. 22-25. Útg.: Eurydice European Unit.

*Democratic learning. The challenge to school effectiveness*. 2004. Ritstj.: Macbeath, John og Lejf Moos. Útg.: Routledge Falmer.

Dewey, John. 1994. *Hugsun og Menntun*. Þýðandi: Gunnar Ragnarsson. Útg.: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Dewey, John. 1996. *Reynsla og Menntun*. Þýðandi: Gunnar Ragnarsson. Útg.: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

- Dewey, John. 1998. „Creative Democracy – The Task Before Us“. *The Essential Dewey*, bls. 341 – 343. 1. bindi. Ritstj.: Larry A. Hickman og Thomas M. Alexander. Útg.: Indiana University Press.
- Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. 2004. *Lífsleikni: sjálfstraust, sjálfsagi og samkennd – Handbók fyrir kennara og foreldra*. Námsgagnastofnun, Reykjavík
- Fyrstu skrefin – Handbók um mannréttindafræðslu*. 2003. Þýðing: Erlendur Láruson fyrir Íslandsdeild Amnesty International.. Útg.: Menntamálaráðuneytinu og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Gunnar E. Finnbogason. 1999. „Að virða börn – Um réttindi barna“. *Steinar í Vörðu*. Til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Gunnar Helgi Kristinsson. 2006. *Íslenska Stjórnkerfið*, bls. 25-71. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Handbók heimilanna*. 2007-2008. Vogaskóli, Reykjavík.
- Ingileif Ástvaldsdóttir. 2005. *Bekkjarfundir – Leiðbeiningar fyrir umsjónarkennara og stjórnendur bekkjarfunda*. Útg.: Ingileif Ástvaldsdóttir. Víkurprent, Dalvík.
- Ingvar Sigurgeirsson. 1996. *Listin að spyrja. Handbók Fyrir kennara*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík
- Íslensk orðabók fyrir skóla og skrifstofur*. 1997. Ritst.: Árni Böðvarsson. Mál og Menning, Reykjavík.

- Jóhanna Einarsdóttir. 1995. „Áhrif kenninga John Dewey á leikskólastarf“. *Athöfn* 27, 1:28-32. Útg.:Félag Íslenskra Leikskólakennara, Reykjavík.
- Kristján Kristjánsson. 2001. “Lífsleikni í skólum”. *Uppeldi og Menntun* 10:81-104. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Kristján Kristjánsson. 2003. „Þegnskaparmenntun“. *Uppeldi og Menntun* 12:31-42. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Margréti Eiríksdóttur og Sigrúnu Björnsdóttur. 2008. Viðtal höfunda við Margréti Eiríksdóttur og Sigrúnu Björnsdóttur kennara í Vogaskóla, 19. febrúar 2008.
- Myhre, Reidar. 1996. *Stefnur og Straumar í Uppeldissögu*. Þýðandi: Bjarni Bjarnason. Útg.: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Ólafur Páll Jónsson. 2007. „Náttúra, vald og verðmæti“. *Lýðræði og virkjanir. Umhverfisrit Bókmenntafélagsins*. Ritsstj.: Gunnar Harðarson. Útg.: Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.
- Platón. 1983. *Síðustu dagar Sókratesar*. Þýð.: Sigurður Nordal og Þorsteinn Gylfason. Hið Íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. 1993. *Leiðsögn – liður í starfsmenntun kennara*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

## Vefheimildir

Atli Harðarson. [Án árs.] „Lýðræði“. *Heimasíða Atla Harðarsonar*.

<http://this.is/atli/textar/hsp/lydraedi.htm> [sótt 10.mars 2008.]

Atli Harðarson. [Án árs.] „Rousseau og Samfélagssáttmálinn“. *Heimasíða Atla*

*Harðarsonar*. [http://this.is/atli/textar/hsp/Rousseau\\_og\\_Samfelagssattm.htm](http://this.is/atli/textar/hsp/Rousseau_og_Samfelagssattm.htm) [sótt

1.apríl 2008.]

“Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.” [Án árs.]

[http://www.unicef.is/barnasattmalinn\\_island](http://www.unicef.is/barnasattmalinn_island) og

<http://www.unicef.is/barnasattmalinn> [sótt 14.febrúar 2008].

*Borgaravitund og lýðræði*. [Án árs.] <http://www.nams.is/borgara> [sótt 7.febrúar 2008].

Heimasíða Alþingi Íslands. [Án árs.] „Lög um grunnskóla“.

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995066.html> [sótt 10.mars 2008].

Heimasíða Evrópuráðs. [Án árs.] „Evrópusáttmáli fyrir lýðræðislega skóla án ofbeldis“.

[http://www.coe.int/t/f/projets\\_integres/democratie/02\\_activit%20E9s/15\\_charte\\_europ](http://www.coe.int/t/f/projets_integres/democratie/02_activit%20E9s/15_charte_europ)

[%20E9enne\\_de\\_l%20E9cole/04\\_J\\_Icelandic.asp](http://www.coe.int/t/f/projets_integres/democratie/02_activit%20E9s/15_charte_europ/%20E9enne_de_l%20E9cole/04_J_Icelandic.asp) [sótt 2.apríl 2008].

Heimasíða Vogaskóla. [Án árs.] <http://www.vogaskoli.is> [sótt 3.apríl 2008]

Heimasíða Menntamálaráðuneytis. [Án árs.] „Grunnskólastig“.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/menntamal/grunnskolar/> [sótt

2.apríl 2008].

Kristján K. Stefánsson. 2006. „Um markaðshyggju og lýðræði í skólastarfi“. *Hugsandi*. 10.

október. <http://hugsandi.is/articles/um-markadshyggju-og-lydraedi-i-skolastarfi/>

[sótt 7. apríl 2008].

„Lög um kosningar til Alþingis“. [Án árs.] [http://www.kosning.is/log\\_reglugerdir/althingi/](http://www.kosning.is/log_reglugerdir/althingi/)  
[sótt 12.mars 2008]

Margrét Eiríksdóttir og Sigrún Björnsdóttir. 2006. Fyrirlestur í KHÍ um  
Móðurskólaverkefni Vogaskóla.  
<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/Skolathroun/Arsting06/Vogaskoli.ppt>  
[sótt 4.apríl 2008].

Ólafur Páll Jónsson. 2007. „Nám, börn og frjálsir menn“. Glósur um Jean Jacques  
Rousseau. <http://starfsfolk.khi.is/opj/namsefni/IU-V07-fjar-notur-Rousseau.htm> [sótt  
1. apríl 2008].